

Nd.

138. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1938 með viðauka.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Sveinbjörn Högnason, Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta eignarskatt, álagðan 1938 samkvæmt lögum nr. 6 9. janúar 1935, með 10% viðauka. Þó skal ekki innheimta álag, sem nemur minna en 3 kr. hjá gjaldanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1938 að innheimta með 25% viðauka vitagjald, aukatekjur ríkissjóðs, þær sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921, og ennfremur verðtoll (sbr. lög nr. 47 15. júní 1926, lög nr. 5 3. apríl 1928, lög nr. 11 2. júní 1933 og lög nr. 132 31. des. 1935), þó ekki verðtoll af vörum þeim, er greinir í lögum nr. 83 19. júní 1933 og auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, og eigi heldur af skófatnaði, öðrum en lakk-, flos- og silkiskóm, og oliufatnaði.

3. gr.

Viðaukinn sé reiknaður þannig, að hver toll- og gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast $\frac{1}{2}$ eyrir og $\frac{1}{2}$ % eða hærra sem heill eyrir eða heilt prósent, en minna broti skal sleppt.

Gengisviðauki sá á aukatekjum ríkissjóðs og stimpilgjaldi, er um ræðir í þessari grein, tekur þó ekki til greiðslna fyrir embættisverk, sem framkvæmd eru, eða fyrir skjöl, sem gefin eru út vegna framkvæmdar á lögum nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð.

Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjaldið með 25% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

4. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal til ársloka 1938 heimilt að innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk fjármálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Í frumvarpi þessu er farið fram á framlengingu á nokkrum heimildum, sem nú eru í lögum, til þess að innheimta ríkissjóðsgjöld með viðaukum. Virðist ekki minni þörf á þessum heimildum nú en verið hefir undanfarið.